

2023
3. hluti

Börn og netmiðlar

Öryggi á netinu



FJÓLDI LANEFND



MENNTAVÍSINDAFNUNIN

Börn og netmiðlar

3. hluti - Öryggi á netinu

Maí 2024

Fjölmiðlanefnd

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

ISBN: 978-9935-468-37-6

<https://doi.org/10.33112/QBZH2406>

Mynd á forsíðu: Unsplash.com

INNGANGSORÐ	5
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	6
FRAMKVÆMD	7
ÞÁTTAKENDUR	8
LYKILORÐ	9
Deiling lykilorða	
Mynd 3.1. Veist þú lykilorð að samfélagsmiðlum einhverra vina þinna?	9
Mynd 3.2. Hlutfall sem vissi lykilorð einhverra vina sinna að samfélagsmiðlum.	9
Mynd 3.3. Hefur þú sagt vinum þínum lykilorð þín að samfélagsmiðlunum?	10
Mynd 3.4. Hlutfall sem sagt hefur vinum sínum lykilorð sín að samfélagsmiðlunum?	10
Mynd 3.5. Hvers vegna deildir þú lykilorði með vini?	11
Mynd 3.6. Veistu lykilorð foreldra þinna í App Store eða Google Play?	13
Mynd 3.7. Veistu lykilorð foreldra þinna í App Store eða Google Play?	
<i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	13
Mynd 3.8. Hver getur séð það sem þú setur á [eftirfarandi samfélagsmiðla]?	14
SÝNILEIKI Á NETINU	14
Hverjir sjá það sem börn deila á samfélagsmiðlum	
Mynd 3.9. Hver getur séð það sem þú setur á [eftirfarandi samfélagsmiðla]?	15
Mynd 3.10. Hefur þú blokkerað einhvern á [eftirfarandi samfélagsmiðli]?	16
Mynd 3.11. Hefur þú blokkerað einhvern á [eftirfarandi samfélagsmiðli]?	
<i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	17
Mynd 3.12. Hvernig bregst þú venjulega við vinabeiðni á samfélagsmiðlum?	18
Mynd 3.13. Hvernig bregst þú venjulega við vinabeiðni á samfélagsmiðlum?	
<i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	19
Mynd 3.14. Hefur þú samþykkt vinabeiðni frá einhverjum sem þú þekktir ekki?	20
Mynd 3.15. Hefur þú samþykkt vinabeiðni frá einhverjum sem þú þekktir ekki?	
<i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	20
Mynd 3.16. Færðu leyfi hjá foreldrum þínum til að nota eftirfarandi miðla á netinu?	21
LEYFI FORLEDRA	21
Heimild til notkunar á samfélagsmiðlum	
Mynd 3.17. Færðu leyfi hjá foreldrum þínum til að nota eftirfarandi miðla á netinu?	22

Mynd 3.18. Merktu við þá samfélagsmiðla þar sem foreldrar þínir leyfa þér að deila myndum og myndböndum.	23
Mynd 3.19. Hversu oft deila foreldrar þínir myndum af þér á Instagram, Facebook eða Snapchat?	24
Mynd 3.20. Hversu oft deila foreldrar þínir myndum af þér á Instagram, Facebook eða Snapchat? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	24

FORELDRAR 24

Myndbirtingar af börnunum

Mynd 3.21. Síðast þegar foreldrar þínir deildu mynd af þér, spurðu þau þig fyrst um leyfi?	25
Mynd 3.22. Síðast þegar foreldrar þínir deildu mynd af þér, spurðu þau þig fyrst um leyfi? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	25
Mynd 3.23. Síðast þegar foreldrar þínir deildu mynd af þér, hvernig leið þér með það?	26
Mynd 3.24. Síðast þegar foreldrar þínir deildu mynd af þér, hvernig leið þér með það? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	26
Mynd 3.25. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?	27

FORELDRAEFTIRLIT 27

Eftirlit með virkni á netinu

Mynd 3.26. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?	28
Mynd 3.27. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?	29
Mynd 3.28. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	30

NAFNLAUS AÐGANGUR 31

Nafnlaus eða falskur aðgangur

Mynd 3.29. Ertu með eða hefur þú verið með nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum?	31
Mynd 3.30. Ertu með eða hefur þú verið með nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	31
Mynd 3.31. Hvers vegna stofnaðir þú falskan aðgang?	32
Mynd 3.32. Hvers vegna stofnaðir þú falskan aðgang? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	33

Forsenda þess að hægt sé að þróa og bjóða upp á vandaða fræðslu fyrir börn og ungmenni er að gerðar séu kannanir með reglubundnum hætti á því hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Í síbreytilegum tækniheimi breytist notkun ört, sumir miðlar detta út og aðrir þróast og breytast. Með endurteknum rannsóknum er hægt að fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun samfélagsmiðla og nýta þær upplýsingar í fræðslu- og kynningarefni.

Á árinu 2021 var fyrsta rannsókn Fjölmiðlanefndar gerð í samstarfi við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Það samstarf hefur reynst afar farsælt. Þá var ákveðið að leggja fyrir víðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í nokkrum hlutum og vöktu þær talsverða athygli þegar þær voru birtar.

Fjölmiðlanefnd hefur nú aftur fengið Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að leggja fyrir samskonar könnun. Hún byggir að mestu leyti á spurningum fyrri könnunar, auk þess sem búið er að bæta við fleiri spurningum, m.a. um líðan og áhættuhegðun ungs fólks. Könnunin sem framkvæmd var árið 2021 byggði á rannsókn sem upphaflega var unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet. Að þessu sinni voru nokkrar spurningar teknar út og öðrum bætt við. Reynt var að finna jafnvægi milli þess að fylgja eftir spurningum sem yrðu samanburðarhæfar milli ára og að bæta við nýjum spurningum í takti við breytta notkun barna og ungmenna.


Jafnframt var ákveðið að hafa spurningalistann á íslensku, ensku og pólsku til að ná til þeirra barna sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Um síðustu áramót voru 16,6% landsmanna erlendir ríkisborgarar, þar sem Pólverjar eru langfjölmennastir, eða rúmlega þriðjungur allra erlendra ríkisborgara. Mikilvægt er að ná til sem flestra barna og ungmenna, einnig þeirra sem ekki eru með íslensku að móðurmáli til að fá heildarsýn yfir málaflokkinn.

Í byrjun árs 2024 færðist umsjón með framkvæmd SAFT-verkefnisins frá Heimili og skóla til Fjölmiðlanefndar. SAFT er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og ungmenna á Íslandi. Þar sem Fjölmiðlanefnd hefur það lögbundna hlutverk að efla miðla- og upplýsingalæsi allra landsmanna á verkefnið vel heima hjá nefndinni. Þetta fyrirkomulag samræmist þeim áherslum sem mótaðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum, að opinberar stofnanir sinni bæði rannsóknum og fræðslustarfi í miðla- og upplýsingalæsi. Niðurstöður þessarar könnunar munu því nýtast vel í því fræðslustarfi sem sinnt er undir merkjum SAFT, nú Netöryggismiðstöðvar Íslands.

Áfram verður tryggt að skólar, fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Vonast er til að niðurstöður könnunarinnar verði uppspretta frekari kannana og rannsókna á þessu sviði.


Elfa Ýr Gylfadóttir

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar




EFTIRLIT FORELDRA

Í 4. - 10. bekk **athuga 28%** foreldra barna með eigin samfélagsmiðlaaðgang **aðganginn** eftir netnotkun.*




FALSKUR AÐGANGUR

24% barna í 6. - 10. bekk og **45%** í framhaldsskóla eru með eða hafa verið með **nafnlausan/falskan reikning** á samfélagsmiðlum.




VINABEIÐNI

43% svarenda í 4. - 10. bekk og **73%** í framhaldsskóla hafa einhvern tíma **samþykkt vinabeiðni frá ókunnugum**.*



LYKILORÐ

16% svarenda í 4. - 10. bekk og **25%** í framhaldsskóla hafa **sagt vini lykilorð** sitt að samfélagsmiðlum.*



* Birtingaskilyrði, þeir sem eru með eigin aðgang að samfélagsmiðli.

Í þessari skýrslu eru birtar helstu niðurstöður könnunarinnar Börn og netmiðlar sem framkvæmd var seint á haustmisseri 2023. Könnunin náði til nemenda í grunn- og framhaldsskólum um land allt. Í fyrstu fyrirlögn 2021 var grunnur spurningalistans byggður á rannsókn norsku fjölmiðla-nefndarinnar Barn og media, en var að hluta til endurbættur í þessari umferð. Spurningalistinn var sendur til umsagnar Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 6.489 nemendur þátt, þar af voru 4.562 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 1.927 framhaldsskólanemar. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 53 af 60 boðuðum skólum. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum.

Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 25 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og þátttöku í könnuninni hafði ekki verið hafnað. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir þátttakendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglíngastigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu lengri spurningalista með fleiri efnisflokkum.

Tímabil fyrirlagnar var frá lokum október og fram í miðjan nóvember 2023. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldsskólanema var vigtað eftir kyni og landssvæði.

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.

Í töflunum á þessari síðu má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

GRUNNSKÓLI

Bekkir	Strákar		Stelpur		Stálp		Vildu ekki svara	
	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)
4. bekkur	281	46,1	300	49,3	8	1,3	20	3,3
5. bekkur	294	48,3	297	48,8	4	0,7	14	2,3
6. bekkur	282	46,4	308	50,7	6	1,0	12	2,0
7. bekkur	307	51,0	277	46,0	4	0,7	14	2,3
8. bekkur	424	53,0	356	44,5	9	1,1	11	1,4
9. bekkur	388	49,9	370	47,6	7	0,9	13	1,7
10. bekkur	371	52,8	307	43,7	7	1,0	18	2,6

FRAMHALDSSKÓLI


Aldur	Strákar		Stelpur		Stálp		Vildu ekki svara	
	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)
<15 ára	4	26,7	8	53,3	2	13,3	1	6,7
15 ára	55	37,9	89	61,4	1	0,7		
16 ára	323	36,4	540	60,9	11	1,2	13	1,5
17 ára	205	30,2	450	66,4	16	2,4	7	1,0
18 ára	77	29,6	176	67,7			7	2,7

DEILING LYKILORÐA

Þátttakendur fengu spurningar um deilingu lykilorða og þekkingu á lykilorðum annarra, þar á meðal lykilorða vinna sinna að samfélagsmiðlum.

Mynd 3.1. Veist þú lykilorð að samfélagsmiðlum einhverra vina þinna?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Með hækkandi aldri jókst hlutfall þátttakenda sem vissu lykilorð vina sinna að samfélagsmiðlum, mynd 3.1. Í framhaldsskóla vissi fjórðungur þátttakenda lykilorð einhverra vina sinna en var 16% meðal nemenda í 4. - 7. bekk.

Það var nokkuð algengara að stelpur þekktu lykilorð vina sinna en strákar á ungingla- og framhaldsskólastigi, mynd 3.2.

Mynd 3.2. Hlutfall sem vissi lykilorð einhverra vina sinna að samfélagsmiðlum.


Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 3.3. Hefur þú sagt vinum þínum lykilorð þín að samfélagsmiðlunum?

Birtingarskilyrði er að vera með eigin aðgang að samfélagsmiðli.


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Aðeins þeir sem voru með reikning á samfélagsmiðlum fengu spurninguna á mynd 3.3. Með hækkandi aldri jókst hlutfall þátttakenda sem höfðu sagt vinum sínum lykilorð sitt að samfélagsmiðlum úr 13% í 4. - 7. bekk í 25% meðal framhaldsskólanema.

Mynd 3.4. Hlutfall sem sagt hefur vinum sínum lykilorð sín að samfélagsmiðlunum?


Niðurstöður flokkaðar eftir kyni og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Á mynd 3.4 sést að stelpum fjölgar með hækkandi aldri sem deila lykilorði sínu til vina. Í framhaldsskóla hefur næstum þriðjungur þeirra einhvern tíma sagt vinum sínum lykilorð sitt. Hlutfall stráka helst nokkurn veginn lítið breytt milli skólastiga.

Mynd 3.5. Hvers vegna deildir þú lykilorði með vini?

Fjölvalsspurning. Aðeins þeir sem höfðu deilt lykilorði fengu þessa spurningu. Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum.



Tveir algengustu svarkostirnir sem valdir voru af þátttakendum sem skýringu á að hafa gefið upp lykilorð sín voru að hafa gefið það upp til öryggis ef þau myndu gleyma eigin lykilorði og þegar þau þurftu hjálp við eitthvað, mynd 3.5. Í 4. - 7. bekk var tæpur helmingur stráka sem notuðu samfélagsmiðla sem höfðu sagt lykilorð sín til öryggis en hlutfall stelpna var aðeins lægra (41%). Á unglingsstigi var hlutfall stráka og stelpna nokkuð jafnt sem sagði deilingu lykilorða hafa verið til öryggis. Hlutfall stelpna (36%) var hins vegar mun hærra en stráka (19%) sem sögðu deilingu lykilorðs hafa verið til að fá hjálp við eitthvað. Í framhaldsskóla var hlutfall stelpna (44%) sem sagði deilinguna hafa verið til öryggis mun hærra en stráka (17%), sjá mynd 3.5.


”**ég lét vinkonu mína passa streaksin mín þegar ég var að fara til eyja að keppa (þá máttuvid ekki hafa símana okkar)**

Tæplega þriðjungur þeirra sem fengu spurninguna svöruðu að aðrir en uppgefnir valkostir væri ástæða þess að þau deildu lykilorði sínu með vini eða vinkonu. Helstu ástæður sem svarendur gáfu í opnu svari var að þau hafi þurft að deila lykilorðinu meðal vina þegar þau fóru í ferðalag til að viðhalda „streak“ sendingum á Snapchat. Aðrir nefndu ástæðuna vera til að leyfa vinum sínum að spila tölvuleiki sem þau höfðu aðgang að. Margir nefndu að vinir og vinkonur væru mjög traust og þess vegna leyft þeim að nota aðgang sinn að samfélagsmiðlum.

”**til að fara a snap hjá hvor annarri, planið var ekki að hún myndi muna það lengur.. en hún gerði það**

Mynd 3.6. Veistu lykilorð foreldra þinna í App Store eða Google Play?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Á mynd 3.6 sést að næstum einn af hverjum fimm þátttakendum á unglinga- og framhaldsskólastigi veit lykilorð foreldra sinna að App Store eða Google Play. Í 4. - 7. bekk er hlutfallið aðeins lægra.

Þegar skoðað er hlutfallslegur munur milli stráka og stelpna, mynd 3.7, sést að á grunnskólastigi eru strákar aðeins líklegri til að vita lykilorð foreldranna. Í framhaldsskóla eru stelpurnar hins vegar hlutfallslega fleiri sem vita lykilorðin.

Mynd 3.7. Veistu lykilorð foreldra þinna í App Store eða Google Play?


Niðurstöður flokkaðar fyrir stráka og stelpur eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



HVERJIR SJÁ ÞAÐ SEM BÖRN DEILA Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM

Þátttakendur voru spurðir hverjir gætu séð færslur þeirra á samfélagsmiðlum. Aðeins þeir sem notuðu eftirfarandi samfélagsmiðla fengu spurningar um viðeigandi miðil.

Mynd 3.8. Hver getur séð það sem þú setur á [eftirfarandi samfélagsmiðla]? Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Meðal allra aldurshópa voru notendur Snapchat hlutfallslega flestir (65%) sem póstuðu færslum þannig að aðeins vinir og fylgjendur gætu séð færslurnar. Fleiri voru með opna færslur á TikTok og Instagram. Um þriðjungur TikTok notenda höfðu færslur sínar opnar.


Mynd 3.9. Hver getur séð það sem þú setur á [effirfarandi samfélagsmiðla]?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Snapchat



TikTok



Instagram



■ Bara vinir mínir eða fylgjendur
 ■ Allir geta séð það sem ég set inn
 ■ Ég set aldrei neitt inn á
 ■ Man ekki / veit ekki


Nokkuð fleiri stelpur en strákar í öllum aldurshópum sem notuðu Snapchat, TikTok eða Instagram höfðu færslur sínar lokaðar öðrum en fylgjendum. Færslur á Snapchat voru mun líklegri til að vera lokaðar en á TikTok og Instagram. Með hækkandi aldri fjölgaði stelpum sem höfðu TikTok færslur sínar opnar öllum. Sama á við um færslur stelpna í framhaldsskóla á Instagram, sjá mynd 3.9.

Mynd 3.10. Hefur þú blokkerað einhvern á [eftirfarandi samfélagsmiðli]?


Birtingarskilyrði er að hafa sagst nota viðeigandi miðil.

Niðurstöður þeirra sem notuðu miðlana flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Snapchat



TikTok



Instagram




Í 4. - 7. bekk hafði tæpur helmingur allra notenda samfélagsmiðlanna Snapchat og TikTok þurft að blokkera einhvern. Eins og við var að búast jókst hlutfall þátttakenda sem höfðu blokkerað einhvern á samfélagsmiðlunum með hækkandi aldri. Flestir höfðu blokkerað einhvern á Snapchat.

Mynd 3.11. Hefur þú blokkerað einhvern á [effirfarandi samfélagsmiðli]?

Birtingarskilyrði er að hafa sagst nota viðeigandi miðil.


Niðurstöður stráka og stelpna sem notuðu miðlana flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Ekki var mikill munur á hlutfalli stráka og stelpna í 4. - 7. bekk sem þurft höfðu að blokkera einhvern á samfélagsmiðlunum þremur, mynd 3.11. Á unglunga- og framhaldsskólastigi var hlutfall stelpna nokkuð hærri en stráka sem þurft höfðu að blokkera einhverja á Snapchat og TikTok. Meðal notenda Instagram var munurinn verulegur með mun hærra hlutfalli stelpna í framhaldsskóla.

Mynd 3.12. Hvernig bregst þú venjulega við vinabeiðni á samfélagsmiðlum?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Aðeins þeir sem voru með eigin aðgang að samfélagsmiðlum voru spurðir.




Flestir sögðust aðeins samþykkja vinabeiðni frá þeim sem þeir þekktu og fór hlutfall þeirra hækkandi með aldri, mynd 3.12. Einnig fjölgaði þeim með aldri sem sögðust samþykkja þá sem eiga sameiginlega vini. Þeir þátttakendur sem sögðust samþykkja alla voru 8 - 12% á skólastigunum þremur. Þátttakendum fækkaði með hækkandi aldri sem sögðust samþykkja vinabeiðni ef foreldrar segðu það óhætt.

Pegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir stráka og stelpur, mynd 3.13, er hlutfall stelpna hærra en stráka sem samþykka bara þá sem þau þekkja. Strákar í öllum aldurshópunum eru hins vegar líklegri en stelpur til að samþykka vinabeiðni frá öllum, en hópurinn er ekki stór (9-10%).


Mynd 3.13. Hvernig bregst þú venjulega við vinabeiðni á samfélagsmiðlum?

Fjölvalsspurning. Aðeins þeir sem voru með eigin aðgang að samfélagsmiðlum fengu spurninguna. Niðurstöður flokkaðar eftir kyni og skólastigum.



Mynd 3.14. Hefur þú samþykkt vinabeiðni frá einhverjum sem þú þekktir ekki?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Á mynd 3.14 hér að ofan sést að þeim fjölgar sem hafa einhvern tíma samþykkt vinabeiðni frá einhverjum sem þeir þekktu ekki. Þar sem ekki er settur tímarammi á spurninguna er það ekki óeðlilegt að hlutfall þeirra sem hafa samþykkt ókunnuga sem vin hækki með aldri.

Á mynd 3.15 sést að hlutfallsleg aukning er nokkuð svipuð hjá strákam og stelpum sem samþykkt hafa vinabeiðni frá ókunnugum. Strákar á grunnskólastigi eru aðeins líklegri en stelpur til að hafa samþykkt beiðni frá ókunnugum. Á framhaldsskólastigi var hlutfall stelpna orðið herra en stráka.

Mynd 3.15. Hefur þú samþykkt vinabeiðni frá einhverjum sem þú þekktir ekki?


Niðurstöður stráka og stelpna flokkaðar eftir kyni og skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



HEIMILD TIL NOTKUNAR Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM

Allir þátttakendur fengu spurningar um eftirlit foreldra með virkni þeirra á netinu og hvort foreldrar þeirra gefi leyfi fyrir deilingu mynda og/eða myndskreiða á samfélagsmiðlum. Nemendur í framhaldsskóla fengu ekki þessa spurningu.

Mynd 3.16. Færðu leyfi hjá foreldrum þínum til að nota eftirfarandi miðla á netinu? Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Hlutfallslega flestir þátttakendur fá alltaf leyfi foreldra til að nota YouTube samanborið við hina samfélagsmiðlana sem spurt var um, mynd 3.16. Ekki var gerður greinarmunur í spurningunni á YouTube eða YouTube Kids.

Í 4. - 7. bekk máttu tæplega átta af hverjum tíu nemendum nota samfélagsmiðilinn YouTube.

Í 8. - 10. bekk voru nokkuð fleiri en í 4. - 7. bekk sem fengu leyfi foreldra til að nota hina fjóra miðlana. Fæstir fengu leyfi til að nota Facebook en þar sem fáir grunnskólanemar nota Facebook getur verið að foreldrar hafi einfaldlega ekki verið spurðir um leyfi, sjá mynd 3.16.


Stelpur voru aðeins fleiri en strákar í 8. - 10. bekk sem fengu leyfi foreldra til að nota nefnda miðla alltaf eða stundum, mynd 3.17.

Mynd 3.17. Færðu leyfi hjá foreldrum þínum til að nota effirfarandi miðla á netinu?
Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur fyrir valið 'Já, alltaf/stundum'.



Mynd 3.18. Merktu við þá samfélagsmiðla þar sem foreldrar þínir leyfa þér að deila myndum og myndböndum.

Birtingarskilyrði er að hafa leyfi foreldra til að nota nefnda samfélagsmiðla oft eða stundum. Niðurstöður flokkaðar efrir skólastigum.




Þátttakendur í 4. - 10. bekk voru ólíklegri til að hafa leyfi foreldra til að deila myndum eða myndskreiðum á þeim samfélagsmiðlum sem nefndir voru, mynd 3.18. Einnig voru nokkuð fleiri í þeim aldurshóp sem sögðust aldrei fá leyfi til að deila myndum á miðlunum. Stelpur voru frekar með heimild til að deila myndum/myndskeiðum á flestum samfélagsmiðlum fyrir utan YouTube en þar voru strákar í þónokkrum meirihluta.

MYNDBIRTINGAR AF BÖRNUNUM

Allir þátttakendur voru spurðir um mynddeilingar foreldra þeirra af þeim á samfélagsmiðlum og hvernig þeim líkaði það.

Mynd 3.19. Hversu oft deila foreldrar þínir myndum af þér á Instagram, Facebook eða Snapchat?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Mynddeilingar foreldra oft eða stundum af börnum sínum á Instagram, Facebook og Snapchat jókst með hækkandi aldri svarenda. Hlutfall þeirra sem deildu oft myndum af börnum sínum lækkaði lítillega þegar myndbirtingum stundum fjölgaði.

Lítillga hærra hlutfall stelpna en stráka sögðu foreldra sína deila myndum af þeim oft eða stundum, mynd 3.20.


Mynd 3.20. Hversu oft deila foreldrar þínir myndum af þér á Instagram, Facebook eða Snapchat?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 3.21. Síðast þegar foreldrar þínir deildu mynd af þér, spurðu þau þig fyrst um leyfi?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Spurninguna á mynd 3.21 fengu aðeins þátttakendur hverra foreldrar birtu oft eða stundum myndir af þeim á samfélagsmiðlum. Tæpur helmingur þátttakenda í 4. - 7. bekk sögðu að foreldrar þeirra spurðu þau áður en þau deildum myndum af þeim. Hlutfallið lækkaði með hækkandi aldri. Tæpur helmingur svarenda sagði að foreldrar þeirra spurðu þau ekki um leyfi fyrir myndbirtingunum.

Mynd 3.22. Síðast þegar foreldrar þínir deildu mynd af þér, spurðu þau þig fyrst um leyfi?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Óverulegur munur var á hlutfalli stráka og stelpna í öllum aldursflokkum varðandi hvort foreldrar spurðu þau um leyfi fyrir myndbirtingum á samfélagsmiðlum, mynd 3.22.

Mynd 3.23. Síðast þegar foreldrar þínir deildu mynd af þér, hvernig leið þér með það?

Birtingarskilyrði spurningar er að foreldrar deildu myndum af svarendum oft eða stundum.


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Langflestum þátttakendum var alveg sama eða voru sáttir við að foreldrar þeirra hefðu deilt af þeim myndum á samfélagsmiðlum, mynd 3.23. Með hækkandi aldri fjölgaði þeim hlutfallslega sem fundust mynddeilingar foreldranna vandræðalegar eða líkuðu þær ekki. Í framhaldsskóla var nærri fjórðungur (24%) svarenda sem var ekki sáttur með birtingarnar.

Mynd 3.24. Síðast þegar foreldrar þínir deildu mynd af þér, hvernig leið þér með það?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Stelpur voru líklegri en strákar til að finnast mynddeilingar foreldranna vandræðalegar eða líka þær ekki. Með hækkandi aldri fjölgaði stelpunum úr 11% í 4. - 7. bekk í 27% á framhaldsskólastigi, mynd 3.24.

EFTIRLIT MEÐ VIRKNI Á NETINU

Pátttakendur í grunnskóla með eigin aðgang að samfélagsmiðlum eða deildu með öðru heimilisfólki, voru spurðir um eftirlit foreldra með virkni þeirra á netinu, myndir 3. 25 og 3. 26.

Mynd 3.25. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Um þriðjungur foreldra svarenda í 4. - 7. bekk athugaði virkni þeirra á samfélagsmiðlum, t.d. nýja vini, skilaboð, aðganginn og hvað þau höfðu skoðað, mynd 3.25. Í 8. - 10. bekk var eftirlit foreldra aðeins minna, fyrir utan að eftirlit með nýjum vinum sem mögulega hefðu verið bætt við var svipað og í 4. - 7. bekk.


Mynd 3.26. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Hvaða vinum eða fylgjendum þú hefur bætt við á Snapchat, TikTok, YouTube, Instagram eða Facebook




Skilaboð og/eða tölvupóstinn þinn



Aðganginn þinn á Snapchat, TikTok, YouTube, Instagram eða Facebook



Hvað þú hefur skoðað



■ Já, alltaf
 ■ Já, stundum
 ■ Nei, aldrei
 ■ Veit ekki


Á myndinni hér að ofan sést að aðeins fleiri stelpur en strákar í 4. - 7. bekk segja foreldra sína skoða hvað þau hafi verið að gera á netinu. Meðal stráka sem og stelpna var algengast að foreldrar athuguðu alltaf eða oft vini sem þau gætu hafa bætt við.

Mynd 3.27. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?


Birtingarskilyrði í lið c, sjá neðar.

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


a) Öppin sem þú hefur hlaðið niður



b) Hversu lengi þú hefur verið á netinu



c) Notendur samfélagsmiðla: Myndir og myndbönd sem þú hefur deilt



Athugið að liðir a og b í myndinni hér á ofan eru með spurningum sem allir þátttakendur í 4. - 10. bekk grunnskóla fengu.

a) Tæpir fjórir af tíu nemendum í 4. - 7. bekk segja foreldra sína skoða öppin sem þau hlaðið niður. Þriðjungur nemenda í 4. - 7. bekk og fjórðungur í 8. - 10. bekk vissu ekki hvort foreldrar þeirra fylgdust með hvað þau hafa hlaðið niður og hversu lengi þau hafa verið á netinu.

b) Tæpur helmingur segja foreldrana passa tímann sem þau hafa verið á netinu en í 8. - 10. bekk var það u.þ.b. þriðjungur (34%).


c) Spurningin í lið c fengu aðeins þeir þátttakendur sem voru með eigin aðgang eða með öðrum á heimilinu að samfélagsmiðlum. Fjórir af hverjum tíu svarendum sögðu að foreldrar þeirra athuguðu alltaf eða oft hvaða myndum eða myndböndum þau hefðu verið að deila.

Mynd 3.28. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?


Birtingarskilyrði í lið c, sjá neðar.

Niðurstöður stráka og stelpna flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


a) Öppin sem þú hefur hlaðið niður



b) Hversu lengi þú hefur verið á netinu



c) Notendur samfélagsmiðla: Myndir og myndbönd sem þú hefur deilt



■ Já, alltaf
 ■ Já, stundum
 ■ Nei, aldrei
 ■ Veit ekki

Liðir a og b í myndinni hér að ofan eru með spurningum sem allir þátttakendur í 4. - 10. bekk grunnskóla fengu. Stelpur eru aðeins líklegri til að segja foreldra sína fylgjast með öppnum sem þær hlaða niður og hversu lengi þær hafa verið á netinu.


Einnig eru stelpur í lið c líklegri til að segja foreldra sína skoða hvaða myndum eða myndböndum þær hafi deilt. Þessi spurning fór aðeins á þá þátttakendur sem voru með eigin aðgang eða með öðrum á heimilinu að samfélagsmiðlum.

NAFNLAUS EÐA FALSKUR AÐGANGUR

Þátttakendur í 6. - 10. bekk grunnskóla og á framhaldsskólastigi voru spurðir hvort þeir hefðu einhvern tíma haft falskan eða nafnlausan aðgang að samfélagsmiðlum.

Mynd 3.29. Ertu með eða hefur þú verið með nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Hlutfall þátttakenda sem var með eða hafði stofnað falskan aðgang að samfélagsmiðlum jókst með hækkandi aldri, sem skýrist að einhverju leyti á því að ekki var tiltekinn tímarammi á spurningunni. Um 45% nemenda á framhaldsskólastigi var með eða hafði verið með slíkan aðgang, mynd 3.29. Lítil munur var milli stráka og stelpna hvort þau voru með eða hafi stofnað falskan aðgang að samfélagsmiðlum, mynd 3.30.

Mynd 3.30. Ertu með eða hefur þú verið með nafnlausan eða falskan aðgang að samfélagsmiðlum?


Niðurstöður fyrir stráka og stelpur eftir skólastigum. Tölur eru hlutfallstölur.



Þeir þátttakendur sem voru með eða höfðu verið með falskan aðgang voru spurðir hvers vegna þeir hefðu stofnað slíkan aðgang.

Mynd 3.31. Hvers vegna stofnaðir þú falskan aðgang?

Niðurstöður fyrir þá sem höfðu stofnað falskan aðgang flokkaðar eftir skólastigum.



Algengasta svarið var að hafa stofnað falskan aðgang svo aðrir þekktu þá ekki. Hlutfallslega flestir svöruðu þannig í 6. - 7. bekk (61%), en voru heldur færri á unglinga- og framhaldsskólastigi, 45 - 46%. Í framhaldsskóla voru 37% sem sögðust hafa stofnað aðganginn til að fylgjast með öðrum en var aðeins 21% á unglingstigi og 14% í 6. - 7. bekk.


Næstalgengast var að haka við að tilgangurinn hafi verið annar en upp var talinn í spurningunni. Beðið var um frekari útskýringu með opnum textareit. Þar kom m.a. fram að þátttakendur höfðu stofnað falskan reikning vegna einhvers sem var bara óvíst eða þeim væri illa við að hafa nöfn sín á netinu. Þónokkrir stofnuðu nafnlausan reikning þar sem þeir vildu birta teikningar sínar og myndbönd en vildu forðast stríðni. Þá nefndu nokkrir að nafnleysið væri til að „trolla“, „stalka“ og grínast í vinum og skólafélögum. Þá var einnig nefnt m.a. að tilgangurinn væri til að stofna aðgang þar sem væri aldurstakmark, nota nafnleysið til að safna fleiri fylgjendum eða eiga aukna möguleika á „giveaways“.

Gerði aðgang fyrir köttinn minn

Í grunnskóla voru stelpur litlu fleiri en strákar sem sögðu að nafnlaus aðgangur væri svo enginn gæti þekkt þær, mynd 3.31. Í framhaldsskóla voru strákarnir hlutfallslega fleiri en stelpurnar sem völdu þennan valkost. Stelpur voru á öllum skólastigum líklegri til að haka við valkostinn að tilgangurinn væri að geta fylgst með öðrum.

Mynd 3.32. Hvers vegna stofnaðir þú falskan aðgang?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur sem höfðu stofnað falskan reikning, flokkaðar eftir skólastigum.





FJÖLDI LANDEIND



MENNTAVÍSINDASTOFNUN